

8. enska 2024 - 2025

Kennarar: Helga Rós Sigfúsdóttir

8

Lýsing

Ýmsar leiðir að enskunámi:

- * Áhersla á talað mál.
- * Spotlight 8 - textabók og raf-vinnubók
- * Þemaverkefni
- * Lestur greina, stuttmynda/þátta og vinna með þær;
- * Samþætting við samfélagsfræði og aðrar greinar.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Kennslustundir eru fjórar á viku. Enska er töluð í minnst 60% tímans.
Nemendur vinna mikið í hópum, m.a. með orðaforða, í þemavinnu og umræðum;
Nemendur lesa a.m.k. eina skáldsögu á vetrinum og vinna fjölbreytt verkefni út frá henni.

Námsaðlögun

Allir nemendur hafa aðgang að:

- upplestrarforritum á ensku og íslensku;
- forriti sem gerir nemendum kleift að glósa í texta, teikna inná, fá lesið upp oþh.
- Appinu Quizlet sem heldur utan um orðaforðanám, en þar er hægt að hlusta á orðin.

Námsmat

Ýmsar leiðir að mati eru notaðar, s.s.

- hefðbundnar þekkingarkannanir á orðaforða og málfræði
- jafningjamat á nemendaverkefnum, sérstaklega hópverkefnum
- sjálfsmat á verkefnum
- leiðsagnarmat á m.a. ritunum og öðrum verkefnum,

VS enska 8. bekkur

- Hæfni á námssviði**
- Tileinki sér orðaforða sem lagður er fyrir.

VS enska 8. bekkur - Hlustun

- Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra.
- Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
- Skilji einföld fyrirmæli kennara.

VS enska 8. bekkur - Lesskilningur

- geti fundið og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómsundur og ferðalög.
- skilji lykilatriði í aðgengilegu fjölmiðlaefni.

VS enska 8. bekkur - Samskipti

- Sýni frumkvæði og taki virkan þátt í umræðum á ensku í kennslustundum.
- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.
- Geti rætt og skipst á upplýsingum og skoðunum um kunnuglegt efni á viðeigandi hátt.

VS enska 8. bekkur - Frásögn

- Geti tjáð sig nokkuð skýrt um daglegt líf og ýmis efni sem hann hefur kynnt sér.
- geti flutt einfalda, undirbúna kynningu um kunnuglegt efni.

VS enska 8. bekkur - Ritun

- Geti skrifað stuttan samfelldan texta á tiltölulega réttu máli, t.d. stuttar sögur, endursagnir og dagbókarbrot.
- Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.

VS enska 8. bekkur - Námsþæfni

- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.

- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.

VERKEFNI

- UTeachMe!
- Hlustun: Gas poisoning & Rabies!
- Talsetning
Finndu þér atriði í þætti eða bíómynd og talsettu það. Það er að þýða allt tal í atriðinu úr íslensku yfir á ensku. Takið talið upp á ensku og klippið ensku hljóðrásina saman við myndrásina. Skilið svo myndbandinu með ensku tali og handritinu fyrir talsetninguna.
Miðað er við að myndbrotið sem talsett er sé ekki styttra en 1 mínúta og innihaldi að minnsta kosti 100 tölud orð. Það miðast við að verkefnið sé einstaklingsverkefni. Ef tveir vinna saman þá sé myndbrotið amk. 2 mínútur og handritið amk. 200 orð, ef 3 eru saman þá er myndbrotið 3mínútur og handritið amk. 300 orð osfrv.
- Mystery Class Meet
- TIKTOK - What is it?